

## **Sambandsþing Landssambands ungmennafélaga (LUF) 2019 Fimmtudaginn 28. febrúar í Háskóla Íslands (HT-101) kl. 18-21**

### **1. Þingsetning og kosning þingforseta**

Una Hildardóttir starfandi varaformaður LUF setur þingið klukkan 18:06. Una Hildardóttir býður Hörpu Júlíusdóttur, starfandi framkvæmdastjóra Félags Sameinuðu þjóðanna, velkomna sem sérstakan gest á þinginu. Rita þær undir samstarfssamkomulag á milli Landssambands ungmennafélaga og Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Tilgangur samstarfsins er að koma á fót Ungmennafulltrúum Íslands á viðburðum Sameinuðu þjóðanna (e. UN Youth Delegation Programme). Harpa Júlíusdóttir ávarpar þingið eftir undirritun.

Una Hildardóttir tilnefnir Sigurð Sigurðsson fyrrverandi fómenn LUF sem þingforseta og var tillagan samþykkt með lófaklappi.

### **2. Kosning þingritara og kjörbréfanefndar**

Til þingritara leggur stjórn til Unu Hildardóttur og Inger Erlu Thomsen. Var sú tillaga samþykkt og hafa þær þegar tekið við störfum. Til kjörbréfanefndar leggur stjórn til Tinnu Isebarn framkvæmdastjóra LUF, Ragnheiði Kristínu Finnbogadóttur alþjóðafulltrúa LUF og óskar eftir einum til viðbótar af þingfulltrúum. Þá bauð Ingi Hrafn Pálsson fulltrúi URKÍ sig fram. Voru þau kjörin í kjörbréfanefnd með lófaklappi.

### **3. Inntaka nýrra aðildarféлага**

#### *3.1. Umsókn Hugrúnar - geðfræðslufélags um fulla aðild*

Tinna Isebarn framkvæmdastjóri LUF gerir grein fyrir ályktun stjórnar um umsókn Hugrúnar. Kristín Hulda Gísladóttir formaður Hugrúnar kynnir starfsemi félagsins. Fram fer umræða og atkvæðagreiðsla og var umsókn Hugrúnar samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### **4. Skýrsla stjórnar lögð fram til umræðu**

Una Hildardóttir starfandi varaformaður LUF kynnir helstu verkefni sem unnin voru á starfsárinu. Ragnheiður Kristín Finnbogadóttir alþjóðafulltrúi LUF gerði grein fyrir alþjóðastarfinu.

### **5. Ársreikningar lagðir fram til umræðu og atkvæðagreiðslu**

Marínó Örn Ólafsson Gjaldkeri LUF gerði grein fyrir fjárhagsstöðu félagsins og fór yfir ársreikning 2018. Starri Reynisson skoðunarmaður reikninga 2018-2019 lýsir yfir ánægju með ársreikninginn og hvetja þingfulltrúar stjórn áfram til góðara verka við að bæta fjárhag félagsins. Ársreikningur var lagður fyrir þingið og var hann samþykktur

með öllum greiddum atkvæðum.

## **6. Tillaga að framkvæmdaáætlun lögð fram til umræðu**

Una Hildardóttir starfandi varaformaður LUF kynnir tillögu fráfarandi stjórnar að framkvæmdaáætlun fyrir starfsárið 2019-2020. JCI óskaði eftir frekari upplýsingum um lækkun kosningaldurs og framvindu þess. Tillagan verður samþykkt á fyrsta fulltrúaráðsfundi nýrrar stjórnar.

## **7. Árgjald**

Tinna Isebarn framkvæmdastjóri LUF lagði fram tillögu fyrir hönd stjórnar sem leggur til að halda gjaldinu óbreyttu í 5000 kr. á ári. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Hlé var gert á fundi kl 19. Fundur hófst á ný 19:15 og frestur til að tilkynna framboð rann út.

## **8. Tillögur og ályktanir teknar til umræðu og atkvæðagreiðslu**

### *8.1. Reglugerð Leiðtogaskóla Íslands*

Inger Erla Thomsen upplýsingafulltrúi LUF kynnti tillögu fulltrúaráðs að Reglugerð Leiðtogaskóla Íslands. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### *8.2 Verklagsreglur Alþjóðanefndar*

Ragnheiður Kristín Finnbogadóttir alþjóðafulltrúi LUF kynnti tillögu fulltrúaráðs að Verklagsreglum Alþjóðanefndar. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## **9. Lagabreytingatillögur**

Páll Marís Pálsson málefnafulltrúi LUF kynnti tillögur stjórnar að breytingum á lögum félagsins.

### *9.1. Tillaga 1:*

Í 1. gr. er lagt til að að breyta enska nafninu á félaginu úr „The Icelandic Youth Council“ í „National Youth Council of Iceland“. Tillagan er alþjóðleg samræming við skilgreiningu Evrópska ungmennavettvangsins (e. European Youth Forum - YFJ), regnhlífasmötökum Evrópskra ungmennafélaga sem saman- stendur af 100 ungmennafélögum sem eru tvennskona: 41 landssamböndum ungmennafélaga (e. National Youth Councils - NYCs) og 64 alþjóðlegum ungmennafélögum (e. International Youth Organisations). LUF er skv. YFJ „National Youth Council of Iceland“, skammstafað NYC Iceland á ensku. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### 9.2. Tillaga 2:

Í 6. gr. er lagt til að bæta við „fjölda félagsmanna“. Tillagan er lögð til í því skyni að hvetja aðildarfélögin til að halda skrá yfir félagsmenn. Einkum til aðlögunar komi til þess að heildarlöggjöf um félagasamtök til almannaheilla taki gildi síðar. En einnig sökum þess að mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur áður óskað eftir upplýsingum um fjölda félagsmanna. Einnig er það góður vani að halda utan um slíkar tölur, sem í sumum tilfellum getur verkað sem mælikvarði á virkni ungs fólks í félags- og hagsmunastarfi. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### 9.3. Tillaga 3:

Í 18. gr. og 21. gr. er lagt til að bæta við tveimur varamönnum. Tillagan gerir það að verkum að auðveldara verði að fyrir stjórn LUF að fá liðsstyrk þurfi sitjandi aðalmaður að vera fjarverandi. Með tilkomu tveggja varamanna hefðu þeir einnig áheyrnar- og tillögurétt á stjórnarfundum, sem gerir það að verkum að auðveldara að taka sæti í stjórn á hvaða tíma starfstímabilsins. Áður samanstóð stjórn LUF af 5 aðalmönnum og 2 varamönnum, síðan urðu aðalmenn 7 þegar félagið tók vaxa. Telur stjórn LUF nú tímabært að fjölga aðilum í 9 sem koma að daglegum rekstri sem er orðinn töluvert viðameiri. Tillagan eykur einnig aðhald, gegnsæi og lýðræði. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### 9.4. Tillaga 4:

Í 20 gr. er lagt til að taka út „að jafnaði á tveggja mánaða fresti eigi minna en“ og lagt er til að bæta við: „Fulltrúaráðsfundi skal halda ársfjórðungslega. Stjórn gerir tillögu að dagskrá og niðurröðun dagskrárliða, en fylgja skal eftirfarandi undantekningalaust:

1. fulltrúaráðsfund skal halda fyrir lok mars til að samþykkja framkvæmdaáætlun stjórnar og fjárhagsáætlun starfsársins.
2. Fulltrúaráðsfund skal halda fyrir lok september, þá skal ráðið upplýst um stöðu helstu verkefna.
3. Fulltrúaráðsfund skal halda fyrir lok nóvember, þá skal stjórn kynna áfangaskýrslu sína fyrir ráðinu, upplýsa um framvindu framkvæmdaáætlunar og fjárhagsstöðu m.v. áætlun.
4. fulltrúaráðsfund skal halda fyrir lok janúar og skal fundurinn tileinkaður undirbúningi fyrir sambandsþing. Eigi síðar en hér skal stjórn leggja fram tillögu að kjörstjórn sem hefur það eina að hlutverki að tryggja að í hvert embætti sem kosið er í á sambandsþingi sé a.m.k. einn frambjóðandi.“

Auk þess var lagt til að neðsti textinn verði að sér lagagrein nr. 21 en helst óbreyttur: Auka fulltrúaráðsfundur skal haldinn ef minnst fimm fulltrúaráðsmeðlimir fara fram á það. Stjórn situr fulltrúaráðsfundi með tillögu og atkvæðisrétt. Ef atkvæði innan fulltrúaráðs falla jöfn skal atkvæði formanns fulltrúaráðs gilda tvöfalt. Varaformaður stjórnar er jafnframt formaður fulltrúaráðs.

Tillagan felur í sér valddreifingu og aukna ábyrgð fulltrúaráðs sem hefur síðustu tvö ár þróast á þann veg sem tillagan leggur til. Þá samræmist tillagan skuldbindingu félagsins gangvart rekstrarsamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. En

hann kveður á um að fyrir mars ár hvert skal skila ársáætlun um rekstur og starfsáætlun yfirstandandi árs, þar sem fram komi áætlun um ráðstöfun framlagsins. Fyrir lok nóvember skilar LUF ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samnings með upplýsingum um stöðu verkefna og hvernig framlagið við ráðstafað miðað við áætlun.

Tillagan felur einnig í sér aukið gagnsæi með lögbundinni skyldu stjórnar til þess að gera grein fyrir mælanlegum markmiðum í upphafi, greina frá framvindunni og þannig árangursmeta starfsemi félagsins á skipulagðan hátt ár frá ári. Enn fremur felur tillagan í sér aukið lýðræði m.a. með tilkomu kjörstjórnar.

Þingfulltrúar UP fagna tillögunni og telja jákvætt að það sé skýrara hvað fer fram á hverjum fulltrúaráðsfundi fyrir sig. Telja þeir það faglegri vinnubrögð. Tillagan var samþykkt með 28 atkvæðum, 1 sat hjá.

#### *9.5. Lögin í heild:*

Þingforseti ber lögin í heild upp til samþykktar og voru þau samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

**10. Tilkyppingar um framboð til formanns, varaformanns, gjaldkera, ritara, alþjóðafulltrúa, tveggja meðstjórnenda og tveggja varamanna rennur út** Þingforseti tilkynnir að kjörbréfanefnd hefur lokað fyrir móttöku framboða.

#### **11. Kyning á fulltrúum í fulltrúaráði**

Þingforseti kynnir fulltrúa í fulltrúaráði fyrir starfsárið 2019-2020:

##### **Fulltrúar aðildarfélaga:**

1. Petrína Sif Benediktsdóttir, AFS á Íslandi
2. Ragnhildur Einarsdóttir, Alþjóðleg ungmennaskipti (AUS)
3. Marit Kristine Arvik, AIESEC
4. Colin Arnold Dalrymple, Félag ungra jafnréttissinna
5. Anna Pálsdóttir, JCI á Íslandi
6. Olga Pokrovskaya, Núll prósent
7. Sóley Ómarsdóttir, Seeds
8. Ólafur Hrafn Halldórsson, Samband íslenskra framhaldsskólanema
9. Unnur Benediktsdóttir, Samband ungra framsóknarmanna
10. Guðmundur Haraldsson, Samband íslenskra námsmanna erlendis
11. Sonja Sigríður Jónsdóttir, Stúdentaráð Háskóla Ísland
12. Óskar Steinn Ómarsson, Ungir Jafnaðarmenn
13. Pétur Halldórsson, Ungir umhverfissinnar
14. Ólína Lind Sigurðardóttir, Ung vinstri græn
15. Guðmundur Bjarnason, Samtök Ungra Bænda
16. Kristín Manúelsdóttir, Ungmennadeild norræna félagsins
17. Kristborg Þráinnsdóttir, CISV
18. Starri Reynisson, Uppreisn - Ungliðahreyfing Viðreisnar

19. Svava Gunnarsdóttir, Samfés
20. Sigmundur Þórir Jónsson, Ungir Píratar
21. Eyþór Máni Steinarsson, Kóder
22. Ingi Hrafn Pálsson, URKÍ
23. Ásgerður Ólöf Ásgeirsdóttir, UE
24. Róshildur Anna Ólafsdóttir, Hugrún

#### **Áheyrnarfulltrúar:**

25. Lilja Hrund Lúðvíksdóttir, Ungmennadeild UNICEF
26. Tomasz Chrapek, Project Polska
27. Andri Bjarnason, Stamfélagið - Ungliðahreyfing Málbjargar

*Ekki fengust tilnefningar/svör frá: IOGT, UAK, Breytendum og Veraldarvinum.*

### **12. Kosning formanns, varaformanns, gjaldkera, ritara, alþjóðafulltrúa, tveggja meðstjórnenda og tveggja varamanna**

Þingforseti tilkynnir að hver frambjóðandi hafi 2 mín til að kynna sig í pontu.

#### 12. 1 Framboð til formanns:

- Una Hildardóttir, fulltrúi Ungra Vinstri grænna (UVG) var kjörin með lófaklappi.

#### 12. 2 Framboð til Varaformanns:

- Geir Finnsson, fulltrúi Uppreisnar - Ungliðahreyfingu Viðreisnar var kjörinn með lófaklappi.

#### 12.3 Framboð til gjaldkera:

- Marínó Örn Ólafsson, fulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ) var kjörinn með lófaklappi.

#### 12. 4 Framboð til ritara:

- Inger Erla Thomsen fulltrúi Ungra jafnaðarmanna (UJ) var kjörin með lófaklappi.

#### 12.5 Framboð til alþjóðafulltrúa:

- Sara Þöll Finnbogadóttir fulltrúi Sambands íslenskra framhaldsskólanema (SÍF).
- Sigrún Ásta Brynjarsdóttir fulltrúi Sambands ungra framsóknarmanna (SUF).
  - Fram fór leynileg atkvæðagreiðsla og var Sara Þöll Finnbogadóttir fulltrúi SÍF kjörin alþjóðafulltrúi LUF.

#### 12.6 Framboð til meðstjórnanda:

- Enar Kornelius Leferink fulltrúi Ungra umhverfissinna (UU) var kjörinn með lófaklappi.
- Rut Einarsdóttir fulltrúi Ungmennahreyfingar Rauða kross Íslands (URKÍ) var kjörin með lófaklappi.

#### 12.7. Framboð til varamanna:

- Laufey María Jóhannsdóttir fulltrúi Ungra athafnakvenna (UAK) var kjörin með lófaklappi.

- Sigurður Helgi Birgisson fulltrúi Sambands íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) var kjörinn með lófaklappi.

### **13. Kosning skoðunarmanna reikninga**

Páll Marís Pálsson fráfarandi málefnafulltrúi LUF í umboði SUF og Starri Reynisson þingfulltrúi Uppreisnar voru kjörnir skoðunarmenn reikninga fyrir starfsárið 2019-2020.

### **14. Önnur mál**

#### *14.1. Erindi frá fulltrúum JCI:*

Vakin er athygli á námskeiðum JCI m.a. í fundarstjórnun og fundarritun. Einnig er óskað eftir áhugasömum í skipulagsteymi viðburðarinnis „Framúrskarandi ungur Íslendingur“ sem haldið verður í júní.

#### *14.2. Erindi frá fulltrúa Ungmennaráðs UNICEF:*

Vangavelta um hlutverk nýrrar kjörstjórnar í lagabreytingatillögu nr. 4 sem samþykkt var. Spurt er hvort ekki væri betra ef starf hennar sé að tryggja a.m.k. tveir séu í framboði til hvers embættis. Fulltrúar fráfarandi stjórnar LUF svara að vissulega sé það betra, en telja að ekki sé æskilegt að festa slíkt í lög.

#### *14.3. Erindi frá fulltrúa SÍF:*

Minnt er á loftlagsverkfallið og hvatt er til þátttöku. Óskað er eftir fleirum félögum til að taka þátt.

Þingforseti felur Unu Hildardóttir nýkjörnum formanni LUF að slíta þingi.

*Þingi slitið kl. 21:00*